

starfsafl

starfsmennt
samtaka atvinnulífsins
og flóabandalagsins

Starfsafl

Ársskýrsla
2012



STARFSMENNTA
VERÐLAUNIN
2010



Education and Culture DG

Lifelong Learning Programme



EFLING
REYKJAVÍK



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnisyfirlit

Efni	Bls.
1. Yfirlit starfsins 2012	2
2. Úthlutun styrkja	3
2.1 Einstaklingsstyrkir	
2.2 Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastykir	
3. Helstu verkefni Starfsafli árið 2012	13
4. Stefnumótunarfundur Starfsafli og Landsmenntar sept.2012	16
5. Starfsáætlun Starfsafli 2013	17
6. Fjárhagur Starfsafli	18
6.1 Rekstur 2012 – nokkrar lykiltölur	
6.2 Rekstraráætlun 2013	

Ársreikningar fylgja í sérhefti.

1. Yfirlit starfsins 2012

Árið 2012 var áfram mikil spurn eftir stuðningi Starfsafls við fræðslu einstaklinga og til fræðslu á vegum fyrirtækja. Árið var metár í sögu sjóðsins hvað snertir úthlutun styrkja, einkum einstaklingsstyrkja.

Tekjur sjóðsins jukust einnig en náðu ekki að halda við útgjaldaaukningu. Starfsmenntagjald af launatekjum félagsmanna jókst hinsvegar töluvert miðað við 2011 (19%) og var það fyrirséð vegna almennra launahækkana, launaskriðs og bætts atvinnuástands. Vaxtatekjur náðu að verja höfuðstól sjóðsins og umfram verðbólgu. Sjóðurinn stendur enn vel þrátt fyrir bankahrunið haustið 2008 og náði að verja eigur sínar að öllu leyti.

Einstaklingsstyrkir árið 2012 voru 2.472 og jukust um 12% frá árinu 2010. Aldrei áður í sögu sjóðsins hafa jafnmargir styrkir verið veittir. Styrkumsóknum frá fyrirtækjum fækkaði um 13% frá árinu 2011. Greiddum styrkjum til fyrirtækja fækkaði mun meira eða 39%. Sjóðurinn hefur dregið úr styrkjum til námsefnisgerðar og fleiri starfsmenntasjóðir koma nú að verkefninu Fræðslustjóri að láni. Engu að síður er þessi þróun í fyrirtækjastyrkjum varhugaverð og þarf að bregðast við með ýmsum hætti. Heildarupphæð útgreiddra fyrirtækjastyrkja lækkaði minna eða um 16%, sem má skýra með auknum kostnaði fræðsluáðila pr. styrkveitingu (45%) vegna stærri hópa/fyrirtækja.

Starfsafl nýtti sér veglega styrki frá Menntaáætlun ESB á árinu og er það sjóðnum mikil hvatning til að halda áfram að leita nýjunga, læra af öðrum þjóðum og bæta þjónustu sjóðsins.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnarmönnum og samstarfsaðilum Starfsafls fyrir frábært samstarf og hvatningu á liðnu ári.

Reykjavík, í júní 2013,

Sveinn Aðalsteinsson
framkvæmdastjóri



2. Úthlutun styrkja

Meginhlutverk Starfsafls er að styrkja fyrirtæki og einstaklinga til starfsmenntunar eins og reglur Starfsafls segja til um.

Markmið styrkjanna, hvort sem er til einstaklinga eða fyrirtækja, er að efla starfsmenntun þannig að bæði starfsmaðurinn og fyrirtækið hagnist. Takmarkið er að auka samkeppnihæfni bæði fyrirtækja og almennra starfsmanna þess.

Starfsafl sinnti sem fyrr miklu kynningarstarfi á þessu sviði á árinu 2012. Farið var í heimsóknir til fyrirtækja, ýmist í fylgd með fulltrúum stéttarfélaganna á vinnustaðafundi eða að stjórnendur fyrirtækja voru heimsóttir.

2.1. Einstaklingsstyrkir



Á árinu 2012 voru veittir alls 2.474 styrkir til einstaklinga í Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis. Aldrei áður í sögu sjóðsins hafa verið veittir fleiri einstaklingsstyrkir. Það er um 12% aukning á fjölda miðað við 2011 sem var metár hjá sjóðnum. Fé til þessara styrkja jókst hlutfallslega meira, úr 71,1 m.kr. árið 2011 í 82,9 m.kr árið 2012 eða 17% hækkun (Tafla 1). Styrkjum til íslenskukennslu fjölgaði um 10% en heildarupphæð hækkaði mun meira eða um 33%. Upphæð hvers íslenskustyrks hækkaði eða að jafnaði úr rúmlega 21 þús. kr. í rúmlega 24 þús. kr. pr. nemenda eða um 13% hærri upphæð. Aukin ásókn í dýrari kennslu t.d. einkakennslu er ein af skýringunum.

Tafla 1. Fjöldi og heildarupphæð einstaklingsstyrkja Starfsafls 2011 og 2012.

	2011	2012	% breyting frá 2011
Fjöldi styrkja alls	2.203	2.474	+12%
Upphæð styrkja alls	71,1 m.kr	82,9 m.kr	+17%
Meðalupphæð styrks	32.274 kr	33.491 kr	+4%
Fjöldi íslenskustyrkja	643	754	+17%
Upphæð íslenskustyrkja alls	13,6 m.kr	18,1 m.kr	+33%
Meðalupphæð íslenskustyrks	21.151 kr	24.005 kr	+13%

Hámarks styrkupphæð einstaklingsstyrkja var óbreytt, 60.000 kr, árið 2012, en aldrei er þó meira styrkt en 75% kostnaðar, sem fyrr. Upphæð styrkja fer einnig eftir greiðslum félagsgjalda en fullur styrkur miðaðst við lágmarkslaun sl. 12 mánuða. Upphæð styrkupphæðar hefur verið óbreytt í nokkur ár en kostnaður við nám hefur sífellt aukist. Einnig er meira um að félagsmenn fari í lengra nám t.d. framhaldsskólanám og háskólanám. Upphæð uppsafnaðs þriggja ára einstaklingsstyrk var hækkuð í 180.000 kr fyrir tveim árum en hefur lítið haft að segja í útgjöldum sjóðsins þar sem slíkir styrkir eru innan við 20 á ári.



Fjöldi einstaklingsstyrkja 2011 og 2012



Mynd 1. Fjöldi umsókna um einstaklingsstyrki til Starfsafls árin 2011 og 2012 og dreifing á nám.


Eins og fyrri ár er fjöldi styrkja mestur í íslensku, eða 32% allra styrkja (Mynd 1), og var nánast sama hlutfall og 2011. Útlendingum hefur fækkað á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins en enn er stöðug eftirspurn eftir íslenskunámi. Hlutfallslegur kostnaður við íslenskustyrki var hins vegar 22% (Mynd 2), sem er heldur hærra hlutfall en árið 2011. Hlutfallslegur fjöldi umsókna um meirapróf var 6% af heildarfjölda umsókna árið 2012 (9% árið 2011) en hlutfallslegur kostnaður þessara styrkja var 13%, heldur lægra en undanfarin ár. Fjöldi styrkja í nám í formlega skólakerfinu heldur áfram að aukast og var samtals um 43% (háskólar, framhaldsskólar, iðnskólar, starfsnám, sérskólar) af fjölda sem er sama hlutfall og 2011 (Mynd 2). Styrkir til háskólanáms hafa aukist aðeins en minnkað aðeins til framhaldsskólanáms. Aukning styrkja í formlegt nám má hugsanlega skýra með aukinni áherslu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins á að búa til námstækifæri fyrir atvinnulaust ungt fólk. Aðrar tegundir náms eru svipaðar og áður.

Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja



Mynd 2. Hlutfallslegur kostnaður einstaklingsstyrkja Starfsafls árin 2012 og 2011 á nám.

Þjóðerni umsækjenda 2012



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting fjölda eftir þjóðerni umsækjenda.

Mjög svipuð mynd blasir við árið 2012 og 2011 en Íslendingar eru um helmingur styrkþega. Auk Íslendinga voru pólværjar áberandi meðal styrkþega, 27% árið 2012 en voru 26% árið 2011. Þar á eftir koma litháar, víetnamar, taílendingar og filippseyingar, 2 – 4% hver þjóð. Aðrar þjóðir voru fámennari.

2.2. Styrkir til fyrirtækja og aðrir verkefnastyrkir

Alls bárust 75 umsóknir fyrirtækja um styrki á árinu 2012 sem er um 13% fækkun miðað við 2011. Sex umsóknum var hafnað eða frestað og óskað viðbótarupplýsinga sem er heldur fleira en árið 2011 (3). Veitt voru 69 styrklöforð til fyrirtækja á árinu 2012 sem er um 17% minnkun frá 2011 (83 löforð). Greiddir voru alls út 43 styrkir til fyrirtækja (39% minna en 2010) að upphæð um 10,9 m.kr. Heildarupphæð verkefnastyrkja 2012 var mun hærra en árið 2011, eða 23,5 m.kr eða 59% hærra heildarupphæð miðað við 2011 (14,8 m.kr., Tafla 2) og vega ESB styrkir þar mest. Stór hluti af þessari minnkun á heildarupphæð til fyrirtækjastyrkja er sjálfsagt vegna færri umsókna fyrirtækja en einnig í minni og færri styrkjum til námsefnisgerðar, íslenskukennslu og í fræðslustjóráverkefnið. Árið 2011 voru greiddar út 1,2 m.kr. til íslenskukennslu fyrirtækja en samsvarandi upphæð árið 2012 var um 0,3 m.kr. (Tafla 2). Í fræðslustjóráverkefnin voru greiddar um 1 m.kr. árið 2011 en 0,44 m.kr. árið 2012 (Tafla 2). Það skýrist af aukinni þátttöku annarra fræðslusjóða í verkefninu sem komu inn í verkefnið árið 2010 og eitthvað færri verkefnum á árinu 2012.

Það vekur einnig athygli að styrkir til Sjálfstyrkingarnáms hefur minnkað hlutfallslega milli ára, árið 2011 námu styrkir alls 16% af úthlutuðu fé en 8% árið 2012. Skýringin er sennilega hertar reglur sjóðsins til styrkveitinga af þessu tagi (hámark á kennda klukkustund) sem hefur væntanlega dregið úr fjölda umsókna.

Meðaltal styrkuppþæðar til fyrirtækja hafa hækkað töluvert frá 2011, er nú rúmlega 253 þús. kr.


Af öðrum verkefnastyrkjum ber mest á styrkjum frá Menntaáætlun ESB (einkum Leonardo áætluninni) og þar komu inn tekjur á móti. Gerð verður nánari grein fyrir þeim styrkjum síðar í skýrslunni.

Tafla 2. Fjöldi og heildaruppþæð greiddra fyrirtækjastyrkja Starfsafls 2011 og 2012.

	2011	2012	% breyting frá 2011
Umsóknir fyrirtækja til Starfsafls	86	75	-13%
Samþykkt styrkloforð	83	69	-17%
Fjöldi greiddra styrkja alls	70	43	-39%
Greiddir fyrirtækjastyrkir	12,9 m.kr	10,9 m.kr	-16%
Þar af:			
Íslenskustyrkir til fyrirtækja	1,2 m.kr	0,3 m.kr	-75%
Fræðslustjóráverkefni	1,0 m.kr	0,4 m.kr	-62%
Aðrir verkefnastyrkir og ESB	2,6 m.kr	12,6 m.kr	+385%
Uppþæð styrkja alls	14,8 m.kr	23,5 m.kr	+59%
Meðaluppþæð fyrirtækjastyrks	174.285 kr	253.488 kr	+45%



Starfsafl hefur meðvitað forgangsraðað fræðslustyrkjum á kostnað annarra verkefna t.d. á sviði námsefnisgerðar. Það hefur verið mat stjórnar að á meðan sjóðurinn er rekinn með halla þá skuli beinir fræðslustyrkir til fyrirtækja og einstaklinga njóta forgangs. Lægri styrkir hafa því ekki bitnað á starfsfræðslunni í fyrirtækjum. Þvert á móti hafa sífellt fleiri félagsmenn notið fræðslu með fyrirtækjastuðningi Starfsafls. Þeir voru um alls um 2.278 árið 2012 sem er svipað og árið á undan. Þegar við bætast 2.474 einstaklingsstyrkir er ljóst að fræðslustyrkir Starfsafls ná til mikils fjölda þeirra starfsmanna sem greitt er af til sjóðsins. Hins vegar er ljóst að betur má ef duga skal og verður lögð meiri áhersla á kynningu á þjónustu sjóðsins meðal fyrirtækja á næstu árum.

Hlutfallslegur kostnaður fyrirtækjastyrkja 2011-12



Mynd 4. Samanburður á hlutfallslegum kostnaði við greidda styrki til fyrirtækja árin 2011 og 2012, flokkað eftir tegund starfsnáms eða verkefnum.

Hlutfallsleg skipting eftir atvinnugreinum 2011-12



Mynd 5. Samanburður á upphæð styrkja til fyrirtækja árin 2011 og 2012, flokkað eftir atvinnugreinum.

Að venju sóttu fyrirtæki um til fjölbreyttra verkefna (Tafla 3). Styrkveitingar til fyrirtækja vegna starfsmenntunar eru enn of lágar og ekki samræmi við markmið sjóðsins. Margt hefur áunnist en betur má ef duga skal.

Tafla 3. Dæmi um verkefni og umsækjendur um verkefnastyrki árið 2012.

Umsækjandi	Samstarf	Verkefni
Allrahanda	RM ráðgjöf	Fræðslustjóri að láni
Atlantsólía	Dale Carnegie	Sjálfstyrking
Ferskar kjötvörur	Sýni	Matvælanámskeið
Fiskkaup	Vinnueftirlitið	Vinnuvælanámskeið
Flugleiðahótel Hilton	Ýmsir aðilar	Öryggisnámskeið
Fóðurblandan	Dale Carnegie	Sjálfstyrking
Garðlist ehf.	Þekkingrmiðlun	Hópefli
Gæðabakstur	Sýni	Gæðamál
HB Grandi	Rauði krossinn	Skyndihjálp
Hertz bilaleiga	Gerum betur	Þjónustunámskeið
Hollt og gott	Sýni	Meðferð matvæla
Hótel Natura	Eldklár	Öryggisnámskeið
IGS	Vinnueftirlitið	Vinnuvælanámskeið
ISS Ísland	MSS	Fræðslustjóri að láni
ÍAV hf.	HR	Merking vinnustaða
Íslensk ameríska	Markaður og sala	Eldvarnarnámskeið
Íslenska Gámafélagið	Vinnueftirlitið	Vinnuvælanámskeið
Kaffitár	Tölvu- og verkfr.þj.	Sölunámskeið
Kemi ehf.	Dale Carnegie	Sjálfstyrking
Kex Hostel	Attentus	Fræðslustjóri að láni
KFC ehf.	Sýni	Tölvunámskeið
Kjörís	Sýni	Meðhöndlun matvæla
Kjöthöllin	Sýni	Öryggi mavæla
Loftorka	HR	Vinnustaðamerkingar
Lýsi	Sýni	Gæðakerfi
Miklatorg hf. Ikea	Inga Karlsdóttir	Íslenskukennsla
Mjólka	Sýni	Gæðamál
Nesfiskur	MSS	Fræðslustjóri að láni
Nings ehf.	Gerum betur	Þjónustunámskeið
Olíudreifing	MSS	Fræðslustjóri að láni
Olíuverslun Íslands	OLÍS	Eigin fræðsla
Pizza Pizza ehf.	Alþjóðahúsið	Íslenskukennsla
Radisson Blu	Rauði krossinn	Skyndihjálp
Reykjabúið hf.	Sýni	Meðferð matvæla

Markaðsstarf

Sem dæmi um markaðsstarf Starfsafils má nefna eftirfarandi atriði.

- Framkvæmdastjóri hefur skrifað greinar í dagblöð þar sem vakin er athygli á þjónustu Starfsafils. Þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að vekja athygli stjórnenda á starfsmenntamálum.
- Framkvæmdastjóri hefur einbeitt sér að skrifum í félagsblöð Eflingar, Hlífar og námskrá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum en öllum þessum blöðum er dreift ókeypis til félagsmanna. Þar tókum við dæmi um félagsmenn sem hafa notið fyrirgreiðslu (vitnisburður) og skilar það ágætum árangri. Í þessum blöðum er einnig efni á ensku. Reynt er að hafa auglýsingar bæði á ensku og íslensku. Jafnframt höfum við verið með auglýsingar í þessum blöðum sem við greiðum fyrir.
- Einnig er komið efni á framfæri í miðla Samtaka atvinnulífsins oft eftir ábendingum og vinnu stjórnarmanna SA í Starfsafli. Hefur oft skilað miklu í fyrirsögunum til Starfsafils.
- Heimsóknir í fyrirtæki er sú leið sem hefur skilað bestum árangri. Rætt er við stjórnendur og skildir eftir bæklinga til starfsmanna varðandi einstaklingsstyrki, til að setja á kaffistofur. Ef stjórnendur eru jákvæðir þá koma þeir af stað fræðslu fyrir starfsmenn og sækja um styrki til sjóðsins. Þessi leið er tímafrek en skilar langsamlega mestu.
- Hafist var handa í lok árs 2008 að gera samninga við fræðsluaðila um að kynna þjónustu Starfsafils fyrir sínum viðskiptavinum og leiðbeiningar um umsóknir. Þessi aðferð hefur dugað vel og verður haldið áfram á sömu braut.
- Starfsmenn sjóðsins senda út rafrænt fréttabréf til ca 200 stærstu fyrirtækja á 30-45 daga fresti. 1 eða 2 fyrirtæki „bíta á agnið“ í hvert sinn. Þetta er ódýr leið en skilar ekki miklu í nýjum tenglum en minnir gamla viðskiptavinum á þjónustu sjóðsins.
- Persónuleg tengsl við starfsmannastjóra og stjórnendur skipta miklu máli í starfi sjóðsins. Fræðslustjóri að láni er góð leið og breytir starfsmenntaumhverfi fyrirtækja til hins betra. Upp á langtímaárangur þá skilar þessi leið miklu.
- Framkvæmdastjóri hefur haldið erindi við ýmis tilefni og á ráðstefnum.



Frá undirskrift samnings um Fræðslustjóra hand Kex Hostel, f.v. Kristinn Vilbergsson (Kex), Árný Elíasdóttir (fræðslustjóri), Björg Jónsdóttir (Kex), Sveinn Aðalsteinsson (Starfsafli) og Björn Garðarsson (SVS).



Frá undirskrift samnings um Fræðslustjóra til Oliudreifingar hf., f.v. Ástríður Valbjörnsdóttir, SVS, Hjörleifur Þór Hannesson, MSS, Birna V. Jakobsdóttir, MSS, Valdís A. Steingrímsdóttir, Starfsafli, Auður Harðardóttir, Oliudreifingu, Hörður Gunnarsson, Oliudreifingu, Sveinn Aðalsteinsson, Starfsafli, Eyjólfur Bragason, Landsmennt. Á myndina vantar Stefán Sveinsson, Rafiðnaðarskólanum.

3. Helstu verkefni Starfsafls árið 2012.

Stjórnarfundir

Haldnir voru alls 13 stjórnarfundir á árinu 2012. Í stjórn sátu:

<i>Nafn</i>	<i>Tilnefningaraðili</i>	<i>Annað</i>
Árni Ingi Stefánsson	Samtök atvinnulífsins	
Guðrún S. Eyjólfsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
María Guðmundsdóttir	Samtök atvinnulífsins	
Atli Lýðsson	Efling stéttarfélag (Flóabandalagið)	Stjórnarformaður
Kolbeinn Gunnarsson	Verkalýðsfélagið Hlíf (Flóabandalagið)	
Guðjón H. Arngrímsson	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið)	Til og með apríl 2012
Jóhann R. Kristjánsson	Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur (Flóabandalagið)	Frá og með maí 2012

Áfram var haldið á þeirri braut sem tekin var upp í árslok 2006 að halda stjórnarfundum hjá fyrirtækjum og kynna um leið starfsemi Starfsafls fyrir stjórnendum. Um leið fékk stjórn og starfsmenn Starfsafls mikilvæga kynningu og upplýsingar um starf fyrirtækjanna. Verður haldið áfram á sömu braut eftirleiðis, eftir því sem kostur er. Aðstæður fyrirtækja til að taka á móti heimsóknum eru þó eðlilega misjafnar. Fréttir af þessum heimsóknum eru settar jafnóðum á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is.

Aðrar heimsóknir

Starfsmenn Starfsafls fóru þar fyrir utan í heimsóknir á vinnustaði ýmist með stjórnarformanni til að hitta stjórnendur eða með fulltrúum Eflingar og annarra stéttarfélaganna innan Starfsafls til að kynna sjóðinn fyrir félagsmönnum félaganna.

Þróun nýrra námsleiða og úrræða fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Matvælavinnslunám

Árið 2010 var gefin út námskrá á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um Meðferð matvæla. Námið er 60 kennslustundir og er árangur langrar vinnu margra aðila, m.a. Eflingar stéttarfélags, Sýni ehf, fulltrúar Matvælastofnunar, Landsmenntar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, undir verkstjórn Starfsafls. Byggt var á námskeiðum og námsefni frá Rannsóknþjónustunni Sýni ehf en sem kunnugt er hefur fyrirtækið verið leiðandi á sviði námskeiða fyrir starfsmenn í matvælavinnslu, ekki síst almenna starfsmenn. Árið 2011 var unnið að gerð framhaldsnámskrár, viðbót við námið, sem ætlað er gæðastjórum matvælafyrirtækja. Sú námskrá var kláruð árið 2012 og til stendur að auka enn við nám á þessu sviði.

Fræðslustjóri að láni

Starfsafl hefur um árabíl verið í samstarfi við Landsmennt í verkefninu Fræðslustjóri að láni en árið 2009 tókst samstarf við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (VR/LÍV) sem hefur gefið verkefninu enn frekari slagkraft. Árið 2011 var engin undantekning í því, unnið var áfram með eða án aðkomu annarra sjóða í að koma verkefninu á í ýmsum atvinnugreinum og fyrirtækjum. Forsvarsmenn fyrirtækjanna töluðu um að aðkoma mannauðsráðgjafa hefði breytt viðhorfum millistjórnenda og annarra til símenntunar og starfsþróunar. Samstarfsaðilar í verkefninu voru sem fyrr Minerva/Attentus, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og RM ráðgjöf. Það er mat Starfsafls að þessi nálgun eigi eftir að skila sér í breyttum og jákvæðum viðhorfum til starfsmenntunar og miklum árangri í framtíðinni. Aðkoma SVS og fleiri sjóða hefur þýtt að verkefnið hefur náð til mun fleiri starfsmanna á þjónustusvæði Starfsafls og dregið mjög úr kostnaði Starfsafls vegna þessa verkefnis. Sjá einnig umfjöllun um ESB verkefni hér á eftir.



Bragason, Landsmennt, Astríður Valbjörnsdóttir, SVS, Sveinn Aðalsteinsson, Starfsafl, Valdis A. Steingrímsdóttir, Starfsafl, Guðmundur Guðmundsson, forstjóri ISS Ísland, Sigríður Héðinsdóttir, starfsmannastjóri ISS Ísland, Jón Trausti Jónsson, framkvæmdastjóri ISS Ísland, Íris Jensen, kennslustjóri ISS Ísland. Verkefnið var kostað af Starfsafl í samstarfi við Landsmennt fræðslusjóð og SVS.

Sameiginlegt eyðublað fræðslusjóða

Starfsafl, Landsmennt og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks náðu samkomulagi á árinu 2009 þess efnis að þróa sameiginlegt rafrænt umsóknareyðublað fyrir fyrirtæki til sjóðanna. Eyðublaðið var tilbúið árið 2010 og hefur gefið afar góða raun í þá veru að auðvelda fyrirtækjum að sækja sér styrki til margra sjóða í einu. Eyðublaðið var uppfært á árinu 2012 í ljósi ábendinga notenda.

Undirbúningur rafræns farnáms (mobile assisted learning)

Vinnuhópur undir forystu Samtaka ferðaþjónustunnar sem samanstóð af fulltrúum Starfsafls, Landsmenntar, Eflingar stéttarfélag, VR, Samtaka verslunar- og þjónustu og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks ásamt Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sóttu um styrk til þróunarsjóðs framhaldsfræðslu til að vinna að þróun rafræns farnáms. Styrkur, um 1,1 m.kr. fékst til verksins og vann hópurinn að undirbúningi verksins seinni hluta árs 2011. Verkefninu lauk árið 2012 með mjög vönduðu enskunámskeiði fyrir starfsmenn Kynnisferða ehf.

Páttaka í Evrópuverkefnum

Mannaskiptaáætlun Leonardo

Starfsafl hefur í nokkur ár séð um umsóknir og utanumhald mannskiptaverkefna á vegum starfsmenntaáætlunar ESB eða Leonardo verkefna. Umsókn var send inn í ársbyrjun 2011 og var samþykkt um mitt ár. Styrkurinn var notaður til að senda 15 einstaklinga, Eflingarfélaga, frá 6 fyrirtækjum þ.e. Eflingu stéttarfélagi (sem sendi atvinnuleitendur), Vinnumálastofnun, ISAVIA, Kjörís, Eimskip og Skeljungu, til vinnustaða á Norðurlöndunum í vikupjálfun. Styrkurinn var að upphæð 3,6 m.kr. og var notaður til að kosta ferðir og uppihald starfsmanna eða atvinnuleitenda. Ferðir sem þessar hafa áður verið styrktar af Leonardo áætluninni og hafa tekist afskaplega vel og skilað miklum árangri. Ferðirnar voru farnar þegar hentaði viðkomandi starfsmönnum og fyrirtækjum og voru flestar farnar árið 2012. Móttökufyrirtækið greiðir götu starfsmanna fyrirtækjanna erlendis og sér þeim fyrir þjálfun og kynningu á vinnubrögðum og tækni sem starfsmenn flytja síðan með sér heim til síns heimavinnustaðar á Íslandi. Verkefninu lýkur árið 2013. Öllum fyrirtækjum á póstlista Starfsafls var boðið að taka þátt og ofangreind fyrirtæki urðu fyrir valinu enda undirbjuggu þau umsóknina vandlega með aðstoð starfsmanna Starfsafls. Styrkurinn er mikil viðurkenning á starfi Starfsafls.

Yfirfærsluverkefni „Fræðslustjóri að láni“

Starfsafl undirritaði haustið 2011 samning um styrk frá ESB í Leonardo menntáætluninni vegna útflutnings á verkefninu "Fræðslustjóri að láni". Verkefnið er til tveggja ára og snýst um að flytja út hugmyndafræði "Fræðslustjóra að láni" til Austurríkis og Spánar. Styrkurinn nemur um 194.000 evrum og þar af eru 53.500 evrur (ca 8,7 mkr) eyrnamerkta Starfsafl, sem er verkefnisstjóri.

Verkefnið *T-Planner (Training Planner) for SMEs* eða Fræðslustjóri fyrir smáfyrirtæki miðar að því að flytja út hugmynd sem þróuð hefur verið á Íslandi sbr. umfjöllun hér að ofan um verkefnið. Verkefnastyrkurinn hefur verið notaður til að þjálfa ráðgjafa á þessu sviði í Vín í Austurríki og í Bilbao á Spáni og nú er handbók fyrir ráðgjafa nánast tilbúin. Verkefninu lýkur árið 2013.

Samstarfsaðilar verkefnisins eru Starfsafl fræðslusjóður, Attentus mannauður og ráðgjöf ehf., BEST Training and Consultancy í Vín og FF Euskadi í Bilbao á Spáni. Starfsafl og Attentus mannauður og ráðgjöf ehf. hafa yfir 5 ára reynslu í þróun hugmyndafræðinnar á bakvið Fræðslustjóra að láni í yfir 60 fyrirtækjum með um 6000 starfsmenn í ýmsum atvinnugreinum. BEST og FF Euskadi eru þekkt símenntunarfyrirtæki á sínu starfssvæði og með mikla reynslu af alþjóðlegum verkefnum.

Niðurstöður verkefnisins eru m.a. heimasíða, handbók fyrir ráðgjafa og þróun námskeiðs fyrir ráðgjafa auk tilraunaverkefna meðal smáfyrirtækja í Austurríki og á Spáni. Verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur verið þróað enn frekar hér á landi með tilstuðlan verkefnisins og verið gert enn betra.



Frá upphafsfundum GARDEN í Vín 9. jan. 2012, f.v. Karin Kronika, verkefnastjóri (BEST) og Doerte Ahrens, vinnumálastofnun Hessen, Þýskalandi. Alls eru 7 aðilar í verkefninu

Grundtvig-verkefnið GARDEN

Árið 2012 hófst GARDEN verkefnið sem Starfsafl tekur þátt í. Verkefnið miðar að því að efla grunnleikni (basic skills) ungs fólks sem stendur höllum fæti m.a. vegna atvinnuleysis eða lítillar formlegrar menntunar. Verkefnið notar garðinn sem kennslusvæði og hefur nú verið útbúið kennsluefni sem miðar að eflingu ýmissa starfshæfnisþátta ungs fólks á, eða utan, vinnumarkaðar. Auk Starfsafls taka þátt í verkefninu fræðsluaðilar og stofnanir í Austurríki, Lettlandi, Bretlandi, Spáni og Þýskalandi. Verkefninu lýkur í lok árs 2013.

4. Stefnumótunarfundur Starfsafls og Landsmenntar í sept. 2012

Þann 28. september 2012 héldu stjórn og starfsmenn Starfsafls og Landsmenntar sameiginlegan stefnumótunarfund.

Fundarmenn voru almennt ánægðir með starfsemi sjóðanna. Þeir voru stofnaðir árið 2000 og er talið eitt stærsta framfaraskref sem SA og verkalyðsfélögin hafa tekið á seinni árum. Fundarmenn töldu þá hafa reynst mjög vel á þeim erfiðleikatímum sem þjóðin hefur átt við að glíma síðustu fjögur ár. Sjóðirnir hafa lyft grettistaki og opnað augu fólks fyrir nauðsyn menntunar. Hafa skal í huga að félagsmenn með aðeins grunnmenntun hafa haft það verst frá árinu 2008. Sjóðirnir hafa stuðlað að því að hjólin eru farin að snúast og það eykur hraðann. Markmiðið er að fá fleiri til að vera með, bæði fyrirtæki og einstaklinga með þá framtíðasýn yfirvalda í huga að árið 2020 muni 90% landsmanna á 20 ára og eldri hafa lokið framhaldsskólaprófi.

Þrátt fyrir að vel hafi tiltekist var bent á að meta þyrfti stöðu sjóðanna nú, greina hvað búið er að gera og hvað þurfi að bæta.

Nefnt var að:

- Almennt væru sjóðirnir að sinna vel sínu stoðhlutverki í fræðslu, bæði hvað snertir fyrirtæki og einstaklinga þó alltaf megi fínþússa og bæta.
- Sjóðirnir hefðu bryddað upp á ýmsum nýjungum m.a. með Fræðslustjóri að láni-verkefninu sem ætti að nýtast fyrirtækjum og starfsmönnum vel í sókn til frekari menntunar.
- Sjóðirnir þurfa að leita víðtæks samstarfs til að uppfylla markmiðið um 90% framhaldsskólamenntun 2020.
- Sjóðirnir mættu vera sýnilegri í þjóðfélaginu og kynna þjónustu sína betur, sérstaklega gagnvart fyrirtækjum.
- Mikilvægt væri að sjóðirnir héldu áfram að leita að aðferðum til að innleiða stuttar námsleiðir eða einingabær námskeið – ásamt öðrum aðilum t.d. FA og menntayfirvöldum.
- Huga þarf að leiðum til að takmarka ásókn einstakra fyrirtækja í sjóðina án þess að það komi verulega niður á fræðslustarfi þeirra.

5. Starfsáætlun Starfsafls 2013

Í framhaldi af stefnumótunarfundi Starfsafls og Landsmenntar ræddi stjórn Starfsafls helstu niðurstöðu þess fundar. Á vinnufundi stjórnar í október var farið yfir niðurstöður og lagðar línur fyrir starfið 2013. Í raun var ákveðið að halda inni sömu atriðum í starfsáætlun eins og verið hefur undanfarin ár enda í fullu samræmi við áherslur stefnumótunarfundar Starfsafls og Landsmenntar.

Verkefni:

- Verkefni:* Einstaklingsstyrkir. Sjóðurinn mun kappkosta að halda nánast óbreyttu þjónustustigi við einstaklinga þrátt fyrir að það þýði að ganga verði á eigið fé sjóðsins.

Leiðir: Upphæðir einstaklingsstyrkja verði óbreyttar áfram.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2013
- Verkefni:* Sjóðurinn mun kappkosta að halda nánast óbreyttu þjónustustigi við fyrirtæki þrátt fyrir að það þýði að ganga verði á eigið fé sjóðsins.

Leiðir: Áfram verður unnið að verkefninu Fræðslustjóri að láni. Lögð verður áhersla á eftirfylgni starfsmanna sjóðsins við fyrirtæki þannig að símenntunaráætlanir komist til framkvæmda. Lögð verður sérstök áhersla á lítil og meðalstór fyrirtæki (1-50 starfsmenn). Byggt verður á samstarfi við SVS og Landsmenntun við kostun fræðslustjóra að láni sem þýðir minni útgjöld fyrir Starfsafl en óbreytt eða aukin þjónusta við fyrirtæki. Dregið verður úr aðstoð vegna námsefnisgerðar. Hámark á styrki pr. kennda kennslustund eins og verið hefur.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2013
- Verkefni:* Áhersla á að kynna rafrænt farnám fyrir atvinnulífið.

Leiðir: Samstarf við FA, SAF, SVP, aðra starfsmenntasjóði og erlenda aðila. Sótt um yfirfærsluverkefni Leonardo, svar væntnalegt í júní 2013.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls ásamt Eflingu og SAF.

Tímarammi: Seinni hluti árs 2013.
- Verkefni:* Áhersla á nýtt nám fyrir matvælaíðnaðinn með það að markmiði að búa til heilstætt nám fyrir gæðastjóra.

Leiðir: Samstarf við Síni.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2013
- Verkefni:* Áhersla á gæðamál, m.a. með notkun úttektarferils sem Starfsafl hefur þróað og EQM ferla.

Leiðir: Samstarf við FA o.fl. og athugað með útkomu EQM gæðakerfisins.

Ábyrgð: Starfsmenn Starfsafls

Tímarammi: Stöðug virkni allt árið 2013 og áfram

6. Fjárhagur Starfsafls

6.1 Rekstur 2012 – nokkrar lykiltölur

Sem fyrr segir þá var Starfsafls rekinn með halla árið 2012 vegna aukinnar eftirspurnar, sérstaklega á sviði einstaklingsstyrkja. Tekjur jukust verulega (28%), einkum vegna tekna frá ESB styrkjum en náðu þó ekki að standa undir útgjöldum, sem jukust um 18%.

Tekjur sjóðsins (tekjur og fjármagnstekjur) árið 2012 voru 123,0 m.kr. (2011: 96,2 m.kr), útgjöld (styrkir og rekstur) voru 128,2 m.kr (2011: 109,0 m.kr.) og eigið fé minnkaði um 5,3 m.kr (2011: minnkun 12,8 m.kr.) Eigið fé sjóðsins í árslok var 141,2 m.kr (2010: 146,5 m.kr.). Raunávöxtun varð á eigin fé sjóðsins. Með auknum hagvexti í þjóðfélaginu má reikna með auknum tekjum sjóðsins og vísbendingar eru um að útgjaldaaukning vegna einstaklingsstyrkja sé að minnka.

6.2 Rekstraráætlun 2013 – nokkrar lykilstærðir

Rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2013 gerir ráð fyrir 7% hærri tekjum af starfsmenntagjaldi vegna launahækkana og minna atvinnuleysis. Bráðabirgðatölur sjóðsins benda til þessa. Um þetta ríkir hins vegar töluverð óvissa og eins með ávöxtun sjóða. Gert er ráð fyrir samdrætti í einstaklingsstyrkjum í ljósi niðurstaðna fyrstu 4 mánaða ársins 2013. Prósentutölur í svigum tilgreina áætlaða breytingu frá árinu 2011.

Áætlaðar tekjur ársins 2013:

- Framlög stéttarféлага (óbreytt)	7.000 þús kr
- Framlag starfsmenntagjalds, 0,20% (+7%)	94.374 þús kr
- Aðrir styrkir (ESB styrkir, +10%)	16.677 þús kr
- Vaxtatekjur (+10%)	<u>9.479 þús kr</u>
Tekjur ársins samtals, áætlun (+4%):	127.530 þús kr

Áætluð útgjöld 2013

- Laun, húsaleiga og annar rekstur (+5%)	22.929 þús kr
- Einstaklingsstyrkir (-5%)	78.713 þús kr
- ESB verkefni (+8%)	12.909 þús kr
- Fyrirtækjastyrkir (+8%)	<u>12.453 þús kr</u>
Útgjöld og styrkir ársins samtals, áætlun (-1%):	127.004 þús kr

Tekjur umfram gjöld: 525 þús kr

Áætlaðar eignir í lok árs 2013: 141.761 þús kr

Kostnaður við styrkkrónu 2006:	0,59 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2007:	0,42 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2008:	0,34 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2009:	0,23 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2010:	0,24 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2011:	0,27 kr
Kostnaður við styrkkrónu 2012:	0,21 kr

Vegna óuppgerðra greiðslna milli Eflingar og Starfsafls frá árinu 2010, sem féll á 2011, var rekstrarkostnaður hærri á árinu 2011 en eðilegt má teljast. Þetta endurspeglast í mismunandi kostnaði pr. styrkkrónu fyrir þessi ár. Á árinu 2012 voru þessar greiðslur komnar í jafnvægi og því lækkaði kostnaður pr. styrkkrónu 2012 miðað við 2011 auk þess styrkir jukust verulega með nánast sama rekstrarkostnaði.

Gert er ráð fyrir eitthvað minnkandi atvinnuleysi árið 2013 og má ætla að tekjuaukning sjóðsins vegna þessa dugi, ásamt ESB styrkjum, til að reka sjóðinn hallalaust árið 2013. Vísbendingar eru um að eftirspurn eftir einstaklingsstyrkjum fari minnkandi. Því er útlit fyrir hallalausán rekstur á sjóðnum árið 2013 en ekki má mikið út af bera.